



## Áratök tímans, 2018

Steinunn Ásmundsdóttir  
Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

*Áratök tímans* er fjórða ljóðabók Steinunnar Ásmundsdóttur. Hinar eru *Einleikur á regnboga* (1989), *Dísyrði* (1992) og *Húsið á heiðinni* (1996).  
Fyrsta ljóð bókarinnar er „Orðfuglar“ (7):

Sturlaðir smáfuglar  
þyrlast um í brjóstinu  
og éta mig að innan,  
berja vængjum og  
berja, vitfirrtir  
af innilokun.

Þetta er tilfinning sem flest ljóðskáld ef ekki öll hafa upplifað; það er eitthvað að gerjast innra sem vill út en finnur sér ekki farveg.

En orðin finna sér leið út. Eftir langa ferð ljóðmælanda um framandi lönd lýsir ljóðið „Endurlausn“ (74) heimkomu, „heim til sjálfrar mín“ og ljóðmælandi er

Búin að endurraða,  
endurskapa.  
Innviðirnir taustari,  
þykkri, þólnari.

Orðafuglar þyrlast frjálsum  
um fagra veröld.

Hér mætum við orðunum frjálsum – en hömlulausum. Þriðja ljóðið um orðin er „Orð“ (79). Orðin eru frelsinu fegin og ráða sér ekki fyrir fögnuði rétt eins og lítil börn. Ljóðmælandi verður að taka í taumana:

Þau sneru algjörlega við blaðinu  
og fóru út eftir áralanga innistöðu.  
Klifruðu í trjánnum,

eltust við norðurljósin og  
létu beinlínis öllum illum látum  
uns ég skipaði þeim harðri hendi  
að koma og setjast þrúð niður á pappírinn  
– steinhalda sér saman þangað til  
annað yrði gefið út.

Skáldkonan vikur einnig að orðunum í ljóðinu Glímuskjálfti (75). Þar er hún innilokuð í húsi meðan óveður geisar. Það er einnig óveður í konunni enda stendur hún í orustu við orðin sem heimta að fara út í óveðrið og hyggjast rata til sinna. Skáldið lætur það eftir þeim.

Þessi átök skáldsins við orðin óstýrilátu eru afar skemmtileg og lýsa vel þeirri glímu sem flestir höfundar heyja við efnivið sinn.

Áratök tímans skiptist í þrjá hluta, Heimaland, Útland og Innland. Í Heimalandi virðast ýmsar myndir úr lífi skáldsins rifjast upp, sumar gamlar eins og ljóðið „Kökukefli og hamar“ (8) þar sem þau verkfæri draga fram staðreyndir um lífsbaráttu genginna kynslóða. Aðrar sýnast nær okkur í tíma eins og ljóðið „Nálgun“ (15) sem lýsir því hvað gerist er fólk losnar við ytra byrði sitt og kemur upp um það sem innra býr með manninum. Viðskotaillur jarðfræðingur og gjaldkeri, sem engum sýndi velvild, skipta um ham þegar hugurinn beinist að bókmenntaarfi þjóðarinnar.

Í kaflanum Útland er lýst ferðum skáldsins um erlenda staði. Þar eru dregnar upp eftirminnilegar myndir af mannlífi framandi slóða. Þar er ljóðmælandi misnálægur, stundum áhorfandi, en stundum þátttakandi. Í ljóðinu „Frjálss“ (46) er lýst dvöl skáldkonunnar í Mexíkó. Konurnar forvitnast um hana og frelsið sem hún býr við og eignast drauma um sams konar líf. Þessi heimsókn skáldkonunnar er ógnun við karlmennina í þorpínu sem eru því fegnastir að sjá á eftir henni úr þorpínu.

Í kaflanum Innland eru dregnar upp myndir úr ýmsum áttum, flestar þeirra dökkar, tengjast eyðingu, hausti og dauða, en inn á milli leynist líf, til dæmis fæðing nýs lífs, og einnig eins konar sátt: „Ég er aftur komin / heim til sjálfrar mín / þar sem öskrið býr og / angistin lúrir / en líka sælan og / heiðríkjan.“ (74).

Í þessum kafla staldra ég við ljóðið „Ársuppgjör“ (82). Þar stendur ljóðmælandi í stafni skips sem vart er sjófært, fúíð og lekt. Þar stígur hann ölduna og þráir landsýn. Þessa mynd er unnt að túlka á ýmsa vegu. Ef til vill er þetta mynd okkar allra í heimi sem kominn er í þrot.

Þessi bók Steinunnar er vel heppnuð og myndir hennar eru áhrifamiklar og eiga erindi við alla.

Þórður Helgason